GILDANDI DEILISKIPULAG 2010-2020 1:2000

TILLAGA AÐ BREYTINGU 1:2000

SAMMÞYKKT Í BORGARRÁÐI 22.SEPT.2005
OG AUGLÝST Í B-DEILD 13.DES 2005

HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS 2010-2020

SKÝRINGAR

- DEILISKIPULAGSMÖRK / MÖRK ATHAFNASVÆÐIS HESTAMANNA
- LÓÐARMÖRK
- LÓÐIR INNAN SKIPULAGSSVÆÐIS
- BYGGINGARREITUR
- UPPGRÆTT GRASLENDI BÍLAST.FYRIR HESTAÍÞRÓTTASV.
- RUNNAR OG TRJÁGRÓÐUR
- NÚV. BYGGINGAR Á SKIPULAGSSVÆÐI
- HÚS SEM EIGA AÐ HVERFA
- BÍLVEGIR OG BÍLASTÆÐI
- REIÐLEIÐIR
- AÐALGÖNGUSTÍGAR
- GÖNGUSTÍGAR
- KVÖÐ UM AKSTURSMÖGULEIKA
- NÚV. TAÐÞRÓ
- BYGGINGARREITUR FYRIR TAÐÞRÓ
- (K) STÆÐI FYRIR HESTAKERRUR
- (T) TAMNINGAGERÐI
- (H) HRINGGERÐI

50 0 50 100
1:2000

Elliðaárdalur
Athafnamannasvæði hestamanna

Greinargerð

Fákur hefur áhuga á að bæta aðstöðu áhorfenda við Hvammsvöll, sem er aðal gæðinga- og sýningarvöllur Fáksmanna. Með því að byggja upp mön vestan við völlinn með þægilegum halla á þeirri hlið sem snýr að vellinum, 1:3 – 1:4. Reiknað er með að mönin verði 3,5 – 4 m há. Mun hún einnig gefa skjól inn á gæðingavöllinn þegar vindar eru vestlægir. Eins og sjá má á breytingaruppdrætti og sneiðingu er búið að frumhanna mönina og má áætla að hægt verði að koma fyrir á milli 1.000 og 1.500 áhorfendum fyrir í brekkuna með góðu móti á stórviðburðum. Mönin er útfærð þannig að hún verður flöt að ofan. Þetta er meðal annars gert til að eiga möguleika á að koma fyrir færanlegri áhorfendastúku á stærri viðburðum. Trjágróður sem sýndur er á núverandi skipulag verður færður utan í vesturhlið manarinnar. Mun hann veita ennþábetra skjól fyrir áhorfendastæði og völlinn eftir því sem fram líða stundir.

Deiliskipulagsbreytingarsvæðið afmarkast af aðkomuvegi að vestanverðu og skeiðbraut Hvammsvallar að austanverðu. Norðurmörk liggja að reiðvegi inn á Hvammsvöll og suður mörk við aðkomuveg inn að Víðidalssvæðinu.

Deiliskipulagsbreytingin nær einnig yfir leiðréttingu sem varðar núverandi aðstæður. Fyrir landsmót 2012 var gerður upphitunarvöllur norðvestan við Hvammsvöllinn. Þessi völlur er færður inn á uppdráttinn.

Annar hluti af þessari deiliskipulagsbreytingu er að lagt er til að sambærilegur upphitunarvöllur verði byggður upp vestan við Brekkuvöll, sem er aðal kynbótasýningarsvæðið. Er þetta annar hluti deiliskipulagsbreytingarinnar, sbr. uppdrátt.

Ekki er verið að breyta skilmálum eða byggingarreitum fyrir húsbyggingar í þessari breytingu.

Núverandi staða skipulags

Í gildi er deiliskipulag sem unnið var 2004. Deiliskipulagið var samþykkt í borgarráði 22. september 2005 og birt í stjórnartíðindum, B-deild, 13. desember 2005.



Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt á umhv.- og skipulagsráði þann 12. okt. 2016.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. okt. 2016.

ELLIÐAÁRDALUR
ATHAFNASVÆÐI HESTAMANNA
DEILISKIPULAGSBREYTING

KVARÐI-A1:	1:2000 / 1:100	TEIKN NR:	101
DAGS:	26.09.2016	HANNAÐ:	fk
FLOKKUR:	0000-reyk_A	TEIKNAÐ:	fk/er
SKRÁ:	16160-gm.dwg	VERKNR:	16160

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK-ELLI\A\16160-FAKUR I ELLIDAARDAL_DSK\TEIKN\DWG\16160-GM_HVAMMSVOLLUR.DWG

4.76